



UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN
DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Allsherjar- og menntamálanefnd
nefnadasvid@althingi.is

Hafnarfirði, 15.3.2021
Tilvísun: 2021030020

Efni: Umsögn Útlendingastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (mansal), 550. mál.

Útlendingastofnun hefur farið yfir frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum og vill koma á framfæri ábendingum og athugasemdum við nokkur atriði frumvarpsins.

Athugasemdir Útlendingastofnunar

Útlendingastofnun hefur ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið en vekur athygli á æskilegt væri að samræma hugtakanotkun frumvarpsins við gildandi lög til að forðast misskilning og gæta samræmis milli lagabálka.

Hælisleitandi/umsækjandi um alþjóðlega vernd

Með lögum nr. 80/2016 var tekin ákvörðun um breytta hugtakanotkun og hætt að nota orðin hæli og hælisleitandi í lögum um útlendinga. Í stað þess var lagt til að notast yrði við hugtakið „alþjóðlega vernd“ og vísa til þeirra sem hennar óska sem „umsækjanda um alþjóðlega vernd. Þótti þetta ná betur utan um réttarstöðu þeirra einstaklinga sem í hlut eiga og í samræmi við þróun í hugtakanotkun á alþjóðavettvangi, í gildandi löggjöf og reglum Evrópusambandsins, sem og á öðrum Norðurlöndum. Með tilliti til framangreinds telur Útlendingastofnun að breyta þurfi fyrrgreindri notkun orðsins „hælisleitandi“ í frumvarpi til laga um almenn hegningarlög er varðar mansal og notast við „umsækjandi um alþjóðlega vernd“

Nauðungarhjólaband

Útlendingastofnun bendir á að hugtakið nauðungarhjólaband er ekki skilgreint í frumvarpinu eða í öðrum íslenskum lögum. nr. 80/2016 eða hjúskaparlög nr. 31/1993 svo dæmi séu nefnd. Þrátt fyrir að mat á því hvort um nauðungarhjólaband sé að ræða fari eftir almennum hegningarlögum nr. 19/1940 er æskilegt að hugtakið sé skilgreint. Þarf m.a. að greina á milli hentihjólaböndum eða fyrir fram ákveðins ráðahags sem tíðkast í sumum menningarheimum og hefur ekki verið talin brjóta gegn íslenskum lögum.

Samræming við ensk heiti verknaðaraðferða

Að lokum væri edlilegt í samræmi við þá ensku orðnotkun sem tiltekin er í athugasemdunum, þ.e. *forced marriage*, *forces beggings*, *forced criminality* að skeyta samskonar orðum fyrir framan íslenska þýðingu þeirra, svo sem að einstaklingar væru neyddir til að betla, neyddir til þess að ganga í hjólaband gegn sínum vilja eða neyddir til þess að fremja refsiverðan verknað svo skýrt sé hvers kyns verknað sé átt við.

f.h. Útlendingastofnunar

Kristín Alda Jónsdóttir